

LISTIR



Heilsubótardagar á Reykhólum í sumar

Við bjóðum þig velkominn í 7 daga hvíldar- og hressingardvöl í júní, júlí og ágúst. Þar verða kynntar leiðir til að bæta heilsuna, öðlast meiri frið og lífsgleði.

Við bjóðum upp á:

- Heilsufæði (fullt fæði)
- Líkamsæfingar, yoga
- Hugkyrrð, slökun
- Uppskriftir
- Nudd
- Rúmgóð tveggja manna herbergi
- Gönguferðir
- Fræðsluerindi
- Tónleika

Tímabilin eru:

- 21. júní-28. júní
- 29. júní-6. júlí
- 11. júlí-18. júlí
- 19. júlí-26. júlí
- 28. júlí-4. ágúst



Sérstakir fyrirlesarar og tónlistarmenn verða á hverju námskeiði.

Á staðnum er glæsileg sundlaug og nuddpottar.

Nánari upplýsingar veitir Linda Olsen í síma 554-4413 á milli kl. 18 og 20 alla virka daga.

Kær kveðja,
Sigrún Olsen & Þórir Barðdal.



BJARNI Hinriksson: Úr myndasögunni „Ég þoli ekki John Wayne“.

Draumheimar myndasögunnar

MYNDLIST

Listasafn Reykjavíkur — Kjarvalsstaðir

TEIKNIMYNDASÖGUR

Bjarni Hinriksson

Opið alla daga kl. 10-18 til 5. júní. Aðgangur (á allar sýningar) 300 kr. Sýningarskrá 500 kr.

Það kann að hljóma undarlega í eyrum margra, en með nokkrum rétti má halda því fram að myndasagan sé einn þeirra miðla myndlistarinnar, sem lengst hefur fylgt norrænum þjóðum. Í sögum okkar greinir oft frá listfengum veggjöldum sem skreyttu hýbýli höfðingja, og Bayeux-refillinn frá 11. öld hefur löngum verið nefndur sem eitt besta dæmi þeirrar sagnahefðar, sem sameinar hvoru tveggja í einum stað, bókmenntir og myndlist, sem er um leið höfuðeinkenni myndasögunnar.

Þetta tvíeðli hefur verið undirstaða gífurlegra vinsælda myndasögunnar víða um lönd á þessari öld, og er einfaldast að benda til Japan, Belgíu og Frakklands í því sambandi. Meðal Íslendinga hefur þessi listmiðill hins vegar átt erftitt uppdráttar, þó ýmsir hafi komið þar að; t.d. er sagan af Dimmalimm sem Muggur gerði á þriðja áratugnum að líkindum fyrsta myndasagan í íslenski nútímalist. Vinsældir þeirrar útgáfu var undantekning; myndasagan hefur ekki notið virðingar sem bókmenntaverk (e.t.v. vegna myndanna) og ekki heldur náð að hasla sér völl innan myndlistarinnar, e.t.v. vegna frásagnarinnar og tímaráðarinnar sem einkennir hana umfram aðra myndlist.

Á þessu hefur smám saman orðið breyting undanfarin ár, fyrst og fremst fyrir atbeina dugmikilla ungra myndlistarmanna, sem hafa hrifist af forminu og leitast við að hefja það til vegs. Jafnframt hafa sést þess ýmis merki að listheimurinn hafi tekið miðlilln í sátt; Listasafn Reykjavíkur hefur þar gengið lengst, m.a. með stórrí fransk-íslenski sýningu á myndasögum sem haldin var 1992, og nú með einkasýningu á nokkrum teiknimyndasögum frá hendi Bjarna Hinrikssonar.

Bjarni hefur verið í fararbroddi í þessari þróun, enda mun hann eini listamaðurinn hér á landi sem hefur stundað sérnám á þessu sviði, en þá menntun sótti hann til Frakklands undir lok síðasta áratugar. Að öðrum ólöstuðum átti Bjarni einna drýgstan þátt í útgáfu myndablaðsins Gisp! (Guðdómleg innri spenna og pína) sem kom út á árunum 1990-92 og var helgað teiknimyndasögunni; sú útgáfa náði hámarki í sýningarskrá frönsk-íslensku sýningarinnar 1992, en hefur legið í dvala síðan. Er vonandi að þar sé um hlé að ræða fremur en endalok, því myndasagan þarf sinn vettvang ekki síður en önnur myndlist.

Á sýningunni á vesturgangi Kjarvalsstaða getur að líta ýmsar stuttar teiknimyndasögur frá hendi Bjarna. Nokkrar þeirra hafa birst áður í dagblöðum eða tímaritum, en aðrar eru óbirtar. Sú staðreynd leiðir hugann að eðli miðilsins, því þó gaman sé að skoða myndirnar sjálfar er ljóst að þær eru gerðar fyrir annan vettvang, þ.e. hið prentaða blað; sýning af þessu tagi getur aldrei komið í stað þeirrar útgáfustarfsemi, sem er myndasögunum nauðsynleg.

Þetta kemur berlega í ljós þegar sýningarskráin er skoðuð, því hún er afar virkur hluti sýningarinnar, en ekki aðeins skreyting eða minjagripur um hana. Þar er að finna prentun á tveimur myndasögum, dæmi um ramma úr öðrum sögum og afar fróðlega greiningu og umfjöllum um verk Bjarna sem Jón Karl Helgason hefur ritað. Það er ef til vill besti vitnisburður áður nefnds tvíeðlis myndasögunnar, að hér skrifar ekki listfræðingur heldur annar nýráðinn ritstjóra tímaritsins Skírnis; hann leggur ekki síst út frá menningarlegum tilvísunum í verkum Bjarna, hvort sem þær eiga uppruna sinn í bókmenntum eða myndlist.

Þær teiknimyndasögur sem Bjarni sýnir hér eru af ýmsum toga, og má þar m.a. nefna stuttar sögur af „Mími og Mána“ sem geyma skemmtilegar ábendingar um þversagnir mannlegs eðlis; hið sama gildir um sögurnar „Ósýnileg“, „Mömmuskór“ og „Ég þoli ekki

John Wayne“, þar sem viðbrögðin eru ekki endilega byggð á grunni skynseminnar.

Í þessum sögum koma vel fram ýmis séreinkenni Bjarna sem teiknara. Má þar nefna persónugerðina, þröngt myndsviðið, sem gjarna er sveigt til að loka því enn frekar, hina þöglu myndrafma sem oft skipta miklu fyrir frásögnina, og loks fjölbreytt og oft óvenjuleg sjónarhorn, þar sem myndefnið er sýnt að ofan, frá hlið, í útjaðri myndanna o.s.frv. Þetta síðastnefnda verður til þess að lesandinn/áhorfandinn fær fremur á tilfinninguna að hann fái aðeins fyrir náð að fylgjast með úr felum, fremur en að hann sé í heiðursseti, eins og algengast er um myndasögur.

Skemmtilegustu verkin á sýningunni eru úr draumaheimi listamannsins. Hann nefnir nokkrar sögur sínar „Mig dreymdi...“, og hér ber hæst Barokkborgina, sem er ný saga frá hendi Bjarna. Þarna birtist minnimáttarkennd okkar Íslendinga gagnvart menningarþjóðum Evrópu ljóslifandi. Ferðalangar um landið sjá skyndilega ríkjulega menningarborg við einhvern fjörfinn á útnára veraldar, þar sem ekkert á að vera; hér standa frægar kirkjur við hlið kaupfélagsins, glæstar hallir andspænis frystihúsinu og nútíminn (í líki MacDonalds-veitingastaðar) reynir að laga sig að hinni tignarlegu borgarmynd. Hugmyndir um tékkneskrar tengingar við íslenska menningarsögu gerir þennan draum enn kostulegri en ella.

Hér er á ferðinni áhugaverð sýning á skemmtilegum þætti íslenskrar myndlistar, sem vert er að benda fólki á að láta ekki fram hjá sér fara. Undanfarin misseri hefur Listasafn Reykjavíkur haft forgöngu um sýningar á ýmsum listgreinum, sem ekki eru í miðjum straumi myndlistarinnar, og er þessi sýning hluti af því starfi. Í fámenninu getur verið erftitt að finna tilverugrundvöll fyrir þennan listmiðil ekki síður en aðra, og því gefa sýningar af þessu tagi fólki nauðsynlegt tækifæri til að fylgjast með því sem áhugamenn um teiknimyndasögur eru þó að fast við.

Eiríkur Þorláksson

EIO ryksugur Nú á kynningarverði!

Við bjóðum nú þessar glæsilegu og vönduðu ryksugur frá einum stærsta og virtasta framleiðanda Þýskalands á sérstöku kynningarverði.

EIO ryksugurnar eru tæknilega fullkomnar, lágværar, með stillanlegum sogkrafti og mikkrofilterkerfi, sem hreinsar burt smæstu rykagnir.

Soghausinn er á hjólum, svo það er leikandi létt að ryksuga!*

EXCLUSIVE 1400W

með 6 földu mikkrofilterkerfi. Kynningarverð kr. 15.700 eða kr. 14.915 stgr.



EXCLUSIVE

FUTURA 1300W

með 6 földu mikkrofilterkerfi. Kynningarverð kr. 13.600 eða kr. 12.920 stgr.



PREMIER

PREMIER 1300W

með 5 földu mikkrofilterkerfi. Kynningarverð kr. 9.400 eða kr. 8.930 stgr.

* EXCLUSIVE og FUTURA

Einar Farestveit & Co hf.

Borgartúni 28 562 2901 og 562 2900

Misstu ekki af maíbókunum!

Bækur mánaðarins saman í pakka 2.120,-
Saga mánaðarins ekki innifalinn

ásútgáfan
Glerárgötu 28 - Akureyri
Áskriftarsími 462 4966